

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 102/2013

2013/EES/67/01

frá 14. júní 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/197/ESB frá 16. apríl 2012 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknæiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/450/ESB frá 27. júlí 2012 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:
„– **32012 D 0197**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/197/ESB frá 16. apríl 2012 (Stjútíð. ESB L 106, 18.4.2012, bls. 22),
– **32012 D 0450**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/450/ESB frá 27. júlí 2012 (Stjútíð. ESB L 203, 31.7.2012, bls. 68).“
2. Eftirfarandi bætist við í 137. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB) í hluta 1.2:
„eins og henni var breytt með:
– **32012 D 0031**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB frá 21. desember 2011 (Stjútíð. ESB L 21, 24.1.2012, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 21, 24.1.2012, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 106, 18.4.2012, bls. 22.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 203, 31.7.2012, bls. 68.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2012/31/ESB, 2012/197/ESB og 2012/450/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.